

WORDPRÓF

Vorönn 2011

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|-------------|
| <i>Vestmannaeyjar</i> _____ | 3 |
| <i>Saga</i> _____ | 3 |
| <i>Kirkjuvaldið</i> _____ | 4 |
| <i>Jarðfræði</i> _____ | 4 |
| <i>Kostnaður vegna þjóðhátíðar</i> _____ | 4 |

Vestmannaeyjar¹

Vestmannaeyjar eru eyjaklasi suður af Íslandi, sem samanstendur af 15 eyjum og um 30 skerjum og dröngum. Syðsta eyjan er Surtsey og sú nyrsta er Elliðaey. Heimaey er stærst eyjanna og sú eina sem telst vera byggð, en þar er Vestmannaeyjabær með um 4.100 íbúa.

Vestmannaeyjar eru fimmtán eyjar, auk nærri þrjátíu skerja og dranga. Eyjarnar eru þessar:

| | |
|---------------|-------------------------|
| Heimaey | (13,4 km ²) |
| Surtsey | (1,9 km ²) |
| Elliðaey | (0,45 km ²) |
| Bjarnarey | (0,32 km ²) |
| Álsey | (0,25 km ²) |
| Suðurey | (0,20 km ²) |
| Brandur | (0,1 km ²) |
| Hellisey | (0,1 km ²) |
| Súlnasker | (0,03 km ²) |
| Geldungur | (0,02 km ²) |
| Geirfuglasker | (0,02 km ²) |
| Smáeyjar | (0,15 km ²) |



Saga

Fyrstu heimildir um Vestmannaeyjar eru í Landnámu (Sturlubók), þar sem segir frá Ingólfi Arnarsyni, fyrsta landnámsmanninum. Þegar hann kom til landsins dvaldist hann einn vetur á Ingólfshöfða, og hélt svo vestur með landinu í leit að öndvegissúlunum sínum. Þá fann hann bæ Hjörleifs, fóstbróður síns, og var hann þar látinn; hafði hann þá verið myrtur af þrælum sínum. Úti af Hjörleifshöfða sá hann eyjaklasi suður af Landeyjum og datt honum til hugar að þrælarnir hafi farið þangað. Eyjarnar voru þá nefndar eftir þrælunum, en þeir voru af írsku bergi brotnir og Írar og Skotar voru gjarnan kallaðir Vestmenn á þessum tíma. Ingólfur elti þrælana uppi og drap þá, og eru mörg örnefni á eyjunum gefin eftir þrælunum. Meðal þeirra er Helgafell, nefnt eftir Helga sem var veginn þar, og Dufþekja í Heimakletti, en hún er nefnd eftir Dufþaki sem sagður er hafa hoppað þar niður til að komast hjá því að falla fyrir sverði Ingólfs.

¹ Besti staður í heimi

Kirkjuvaldið

Í Kristnisögu segir frá því að Ólafur Tryggvason hafi sent Hjalta Skeggjason og Gissur Teitsson með viði til kirkjubyggingar til Íslands og sagt þeim að reisa kirkju þar sem þeir kæmu fyrst að landi. Samkvæmt því reistu þeir kirkju á Hörgaeyri í Vestmannaeyjum árið 1000 úr norskum viðum, en ekki er vitað hvar sú eyri hefur verið og ekki er vitað hversu lengi sú kirkja hefur staðið, en tvær kirkjur voru síðan reistar í Vestmannaeyjum, að Kirkjubæ og Ofanleiti.

Á árunum 1130-1148 komust allar jarðir í Vestmannaeyjum í eigu Skálholts að undirlagi Magnúsar Einarssonar og verða kirkjujarðir. Eftir það verða því landsetar í Eyjum leiguliðar næstu aldirnar. Í Vestmannaeyjum voru að jafnaði átján býli og mikið af hjáleigum (en fjöldi þeirra gat verið breytilegur eftir árferði), auk tómthúsa- og verbúðarbyggðar við höfnina, sem er líklega einn elsti vísir að eiginlegu þorpi á Íslandi.

Jarðfræði

Vestmannaeyjar liggja um 10 km suður undan Landeyjasandi. Eyjaklasinn samanstendur af 15 eyjum, auk um 30 dranga og skerja. Eyjarnar eru sæbrattar og víðast hvar þaktar graslendi. Af þeim er Heimaey lang stærst, um 13,4 km², og sú eina sem er í byggð. Helstu og stærstu eyjarnar í kringum Heimaey eru Elliðaey og Bjarnarey norðaustur af Heimaey og til suðvesturs Suðurey, Álsey, Brandur, Hellisey og Surtsey.

Eyjarnar eru ungar á jarðsögulegan mælikvarða og hafa allar myndast í eldgosum, þær elstu fyrir u.þ.b. 12 þúsund árum. Flestar eyjarnar eru gíglega móbergsstapar og á sumum þeirra eru gjallgígar.

Vestmannaeyjar eru á umfangsmiklu eldgosasvæði sem er um 38 km langt og 30 km breitt með 70-80 eldstöðvum eða leifum þeirra.

Það er alltaf logn og blíða í Eyjum. Annað er rugl. Mikið afskaplega hefur verið gaman að vinna öll þessi word verkefni.

Kostnaður vegna þjóðhátíðar

| | | |
|---------------------|-----|--------|
| Miði í dalinn | kr. | 10.500 |
| Búningur | kr. | 20.000 |
| Samlokur | kr. | 3.000 |
| Eplasafi | kr. | 2.000 |
| Góða skapið | kr. | 0 |

PRÓFSKIPANIR Í WORDPRÓFI.

PRÓFSKIPANIR

1. Setjið haus (blank – Three columns) á skjalið líkt og fyrirmynd og setjið einnig inn fót með sjálfvirku heiti skjals.
2. Breytið öllum texta á eftirfarandi hátt: Leturgerð Times New Roman, leturstærð 12, 1½ línubil, fulljöfnun.
3. Stillið allar spássúr á 2,2 cm.
4. Setjið Heading 1 á allar fyrirsagnir samkvæmt fyrirmynd
5. Breytið texta í töflu nákvæmlega samkvæmt fyrirmynd
6. Setjið inn WordArt samkvæmt fyrirmynd og stillið layout á Square.
7. Stillið dálklykla varðandi kostnað við þjóðhátíð á eftirfarandi hátt: 13 left, Leader 2 og 16 Right. Vinnið samkvæmt fyrirmynd.
8. Setjið inn undirmálgrein (Footnote) samkvæmt fyrirmynd
9. Setjið inndrátt á texta samkvæmt fyrirmynd um 1,5cm báðum megin, línubil 1, leturstærð 10 og skáletrun.
10. Skyggið og setjið texta í box samkvæmt fyrirmynd
11. Kallið fram efnisyfirlit samkvæmt fyrirmynd og stillið stíl á Discinctive. Feitletrið fyrirsögn efnisyfirlits og setjið leturstærð á 14. Hægristillið „Bls“. Setjið einnig inn fóst síðuskil á eftir fyrstu fyrirsögninni (Vestmannaeyjar)
12. Setjið upp forsíðu með stílnum „Conservative“ og fyllið inn samkvæmt fyrirmynd.
13. Setjið inn blaðsíðutal samkvæmt fyrirmynd með stílnum „Accent Bar 2“ og sleppið blaðsíðutali á forsíðu.

Próflýsing í PowerPoint

1. Gefið glærusýningunni útlitið: Apex
2. Setjið mismunandi hreyfingar á glærur og innihald þeirra. (Frjálst val)
3. Setjið inn Footer á allar glærur með nafni ykkar. Setjið einnig inn blaðsíðutal á allar glærur.
4. Setjið áherslumerki (*Bullets*) á allan undirtexta í glærunum.
5. Breytið lögun myndar á glæru 3 – Hafið hana hjartalaga.